

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 25. janúar 2019, kl. 10:00, fundur samráðshóps um friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal á grundvelli náttúruverndarlaga. Fundurinn fór fram í Árnesi.

Mættir voru frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi: Skafti Bjarnason, Kristófer Tómasson og Ingvar Hjálmarsson; frá Umhverfisstofnun: Hildur Vésteinsdóttir, Ingibjörg Marta Bjarnadóttir og Jón Smári Jónsson; frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti: Guðríður Þorvarðardóttir; frá Minjastofnun: Þór Hjaltalín og Uggi Ævarsson; frá forsætisráðuneyti: Regína Sigurðardóttir; frá Skógræktinni: Hreinn Óskarsson. Anna Sigríður Valdimarsdóttir boðaði forföll.

Efni fundarins:

1. Mörk svæðisins endurskoðuð
2. Fundur með afréttarnefndum
3. Efni friðlýsingaskilmála
4. Við hverja þarf að hafa aukið samráð

1. *Mörk svæðisins endurskoðuð:*

Gerð var grein fyrir því hvernig þau mörk sem auglýst voru í auglýsingu um áform um friðlýsingu voru ákvörðuð og þá annmarka sem komið hafa í ljós við afmörkunina. Farið var yfir mörk svæðisins og lögð fram tillaga að mörkum fyrir minna svæði en auglýst var í auglýsingu um áform um friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal.

Umhverfisstofnun lætur teikna upp tillöguna og sendir á samráðshópinn.

Rætt var um mögulega svæðisskiptingu innan svæðisins þar sem gæti þurft að setja strangari umgengnisreglur eins og t.d. í Gjánni og við Háafoss.

2. *Fundur með afréttarnefndum:*

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur átt samtalið við afréttarnefndirnar um væntanlega friðlýsingu. Engin andstaða við friðlýsingu svæðisins hefur komið fram af hálfu afréttarnefndanna. Friðlýsingaskilmálar skuli tryggja hagsmuni þeirra sem nýta svæðið. Ákveðið var að funda með afréttarnefndunum á síðari stigum málsins og farið yfir þá þætti sem fram koma í tillögu að friðlýsingaskilmálunum.

3. *Efni friðlýsingaskilmála:*

Farið var yfir þá þætti sem líta þarf til við vinnslu friðlýsingaskilmála í samræmi við náttúruverndarlög. Rætt var um mismunandi reglur sem gæti þurft að setja á mismunandi svæðum innan svæðisins sem og um eðli og inntak þeirra greina sem friðlýsingaskilmálar taka til.

Farið var yfir almenn ákvæði friðlýsingaskilmála en einnig hvort setja þurfi sérreglur eða undanþáguákvæði vegna skógræktar og sauðfjárbeitar vegna verndunar gróðurs og dýralífs, þá sérstaklega í Gjánni og hvaða sérreglur eða undanþágur gætu átt við vegna

verndunar menningarminja. Rætt var um umfang og leyfisskyldu vegna starfsemi og framkvæmda innan svæðisins. Skógræktin mun senda Umhverfisstofnun landupplýsingagögn sem sýna það landsvæði sem Skógræktin hefur umsjón með innan svæðisins. Rætt var um sérreglur og mögulegar undanþágur vegna umferðar um svæðið s.s. aðgengi vegna starfsemi á svæðinu, umferð vélknúinna ökutækja, hjólandi og gangandi gesta, tjöldun og gistingu, hunda, þyrlur og drónar. Kanna þarf sjónarmið Rauðukamba vegna þeirra sérregla sem gætu verið settar. Farið var yfir veiðar og notkun skotvopna á svæðinu m.t.t. verndargildis svæðisins.

Einnig var farið yfir þá þætti og sérreglur sem stjórnunar- og verndaráætlanir friðlýstra svæða taka á samkvæmt náttúruverndarlögum.

Umhverfisstofnun vinnur fyrstu drög að friðlýsingaskilmálum og sendir á samráðshópinn.

4. *Við hverja þarf að hafa aukið samráð:*

Farið verður yfir þetta á næsta fundi samráðshópsins þegar þegar auglýsingatíma er lokið.

5. *Annad:*

Á næsta fundi samráðshópsins þann 6. mars 2019, kl. 13:00, verður m.a. farið yfir þær athugasemdir sem berast á auglýsingatíma auglýsingar um áform um friðlýsingu, drög að friðlýsingaskilmálum og nýja tillögu að afmörkun svæðisins.

Leitað verður frekara samráðs við Náttúrufræðistofnun Íslands við vinnslu friðlýsingaskilmála.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 11:40